



Umhverfisnefndarfundur 17. nóvember 2017

Mætt voru: Adda, Sigga, Líney, Auður og Alda, Sibba og Þórhalla voru í fríi

Við fórum yfir punktana frá Þórhöllu.

Foreldrar í umhverfisnefnd- Mamma Egils er til í að vera áfram í nefndinni spurning um að senda póst á foreldra-Adda skoðar þetta .

Börn í nefndinni eru: Andri Stefán og Maja á SH. Elvar Breki eða Fannar og Dalrósá á FB.

Sigga og Líney sjá um tékklistann

Finna verkefni sem allir geta tekið þátt í tengt lýðheilsu.

Skrifa bæjarstjóra bréf og biðja um rusladall við strætóbiðskýlið.

Börninn voru í sumar að velta fyrir sér mengun frá skemmtiferðarskipunum eftir fréttir í sjónvarpinu. Umræða um bláar hafnir spurning um að vinna það með elstu börnunum.

Ganga eða hjóla í leikskólann í sumar áttak með foreldrum.

Ræða um mikilvægi svefns og vinna með það.

Gæðastund með börnunum án raftækja. Hugmynd um að lesa maður á mann t.d. að lesa fyrir hvert barn minnst einu sinni í viku.

Passa að nota forstofur og skiptitíma í samskipti og málörvun.

Sápunotkun: við erum komin með nýja sápuskamtara sem eru með sjálfvirkum skammtara.(það vantar nýjan tappa í sulluvask).

Gera ljósmyndaskráningu, fara berfætt í gras, nota snjó setja lit í hann og sjá hann bráðna.

Hugmynd um að gera hreyfidreka eins og lesdrekann þannig að þá merkir fólk við hvaða hreyfingu það gerir með börnunum sínum eins og að fara í sund, á skíði eða skauta eða einhverja aðra hreyfingu. Nota fótspor barnana til að skrá á elstu börnin geta klippt það út.

Eftir áramót.

Sunnuhvoll var að vinna með skemmtilegt verkefni um augu barnana, augun voru mynduð og klippt út og svo geta börnin skoðað þau og spá í svipbrigði og hver á hvaða augu.

Við viljum hætta að nota plastpoka eins og við getum og okkur datt í hug að sauma taupoka úr gömlum bolum sem við getum auglýst eftir hjá foreldrum. Pokana getum við síðan notað undir blaut föt og fleira þess háttáð.

Adda ræðir þetta á sjórnarfundum.

Fundarritar var Adda